

Persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Útgáfa: 3

1. Markmið

Í starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er nauðsynlegt að móttaka, skrá, nota, senda og meðhöndla að öðru leyti persónuupplýsingar. Með persónuupplýsingum er átt við öll gögn sem innihalda upplýsingar um eða hægt er að tengja við tiltekinn einstakling.

Markmið persónuverndarstefnunnar er að tryggja að öll vinnsla persónuupplýsinga af hálfu sveitarfélagsins samræmist lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og að persónuvernd sé höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku í daglegri starfsemi sveitarfélagsins.

Persónuverndarstefna þessi er innra stjórnskjal sem skilgreinir þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélagsins á sviði persónuverndar. Á grundvelli stefnunnar skulu settar sérstakar verklagsreglur sem útfæra framkvæmd einstakra skyldna og tryggja samræmda framkvæmd í starfsemi sveitarfélagsins.

2. Umfang

Persónuverndarstefna þessi tekur til allra persónuupplýsinga sem Sveitarfélagið Hornafjörður ber ábyrgð á, hvort sem þær eru varðveittar á pappír eða í rafrænum kerfum.

Stefnan nær til allrar vinnslu persónuupplýsinga, svo sem söfnunar, skráningar, notkunar, miðlunar, varðveislu og eyðingar. Hún tekur til allra stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins sem vinna með persónuupplýsingar í starfi sínu, sem og verktaka og þjónustuaðila sem vinna með persónuupplýsingar fyrir hönd sveitarfélagsins.

3. Leiðir að markmiði

Eftirfarandi kaflar kveða á um þær skyldur og kröfur sem sveitarfélagið þarf að uppfylla til að tryggja ábyrga og lögmæta meðferð persónuupplýsinga í starfsemi sinni.

Nánari útfærsla á framkvæmd einstakra skyldna er sett fram í verklagsreglum sem settar eru á grundvelli persónuverndarstefnunnar.

3.1. Persónuverndarfulltrúi

Hjá Sveitarfélaginu Hornafirði skal starfa persónuverndarfulltrúi með sérþekkingu á lögum og lagaframkvæmd á sviði persónuverndar. Persónuverndarfulltrúi skal njóta sjálfstæðis í störfum sínum og mega önnur verkefni hans ekki rýra óhæði eða hlutverk.

3.2. Lögmæt vinnsla persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga skal byggjast á viðeigandi lagaheimild samkvæmt persónuverndarlögum eða öðrum sérlögum. Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar skulu viðeigandi skilyrði laganna jafnframt uppfyllt.

3.3. Sanngirni og gagnsæi

Meðferð persónuupplýsinga skal vera sanngjörn og gagnsæ gagnvart hinum skráðu. Veita skal allar upplýsingar sem persónuverndarlög gera kröfu um með skýrum og aðgengilegum hætti í samræmi við skilgreint verklag.

3.4. Skýr og málefnalegur tilgangur

Persónuupplýsingar skulu aðeins fengnar og unnar í skýrum og málefnalegum tilgangi sem tengist starfsemi sveitarfélagsins. Óheimilt er að vinna upplýsingar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi nema lög heimili.

3.5. Meðalhóf og lágmörkun gagna

Vinnsla persónuupplýsinga skal vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

3.6. Áreiðanleiki upplýsinga

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar séu réttar og uppfærðar eftir þörfum og að rangar eða villandi upplýsingar séu leiðréttar með viðeigandi hætti.

3.7. Varðveisla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar skulu varðveittar í samræmi við lög, þar á meðal lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þegar lög heimila skal persónuupplýsingum eytt með öruggum hætti samkvæmt skilgreindu verklagi.

3.8. Öryggi persónuupplýsinga

Gera skal viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, meðal annars til að vernda gegn óheimilum aðgangi, glötun eða breytingum.

3.9. Þjónustuaðilar

Þegar persónuupplýsingar eru unnar af þjónustuaðilum fyrir hönd sveitarfélagsins skal tryggja að gerðir séu vinnslusamningar og að meðferð persónuupplýsinga samræmist kröfum persónuverndarlaga.

3.10. Frávik og öryggisbrestir

Frávik og öryggisbresti sem upp koma skal skrá og meðhöndla samkvæmt skilgreindum verkferlum. Þegar við á skal tilkynna Persónuvernd og hinum skráðu um atvikið í samræmi við ákvæði laga.

3.11. Réttindi einstaklinga

Tryggja skal að réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum séu virk í framkvæmd með skilgreindum og formlegum ferlum.

3.12. Ábyrgðarskylda

Sveitarfélagið skal geta sýnt fram á að vinnsla persónuupplýsinga samræmist persónuverndarlögum, meðal annars með skjalavinnu, skrám og skjalfestum verkferlum.

3.13. Viðurlög

Brot gegn persónuverndarstefnu þessari eða verklagsreglum sem settar eru á grundvelli hennar geta varðað viðurlögum samkvæmt gildandi reglum.

4. Ábyrgð

Bæjarstjórn / bæjarstjóri:

- ber ábyrgð á samþykkt og innleiðingu persónuverndarstefnu sveitarfélagsins, □ tryggir að persónuverndarfulltrúi hafi nauðsynlegt umboð, tíma og úrræði.

Forstöðumenn / Sviðsstjórar:

- bera ábyrgð á að starfsemi á þeirra sviði sé í samræmi við persónuverndarstefnu og verklagsreglur, □ tryggja að viðeigandi ferlar og verklagsreglur séu til staðar.

Starfsmenn:

- skulu starfa í samræmi við persónuverndarstefnu sveitarfélagsins og verklagsreglur sem settar eru á grundvelli hennar.

Persónuverndarfulltrúi:

- hefur eftirlit með að sveitarfélagið fylgi persónuverndarstefnunni og verklagsreglum sem settar eru á grundvelli hennar,
- veitir ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks,
- er tengiliður við hina skráðu og Persónuvernd, þá ber ekki ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga.

5. Endurskoðun

Endurskoða skal persónuverndarstefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fimm ára fresti eða oftar ef tilefni er til

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar þann 19.05.2026

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar þann 30.06.2026